

## Fundargerð

7. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, þriðjudaginn 2.nóvember 2004, kl. 19:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson formaður, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Einar Kr. Jónsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir boðuðu forföll. Þá sat Þorsteinn Þorsteinsson fyrri hluta fundarins, en hann hefur stýrt vinnu við undirbúning tillagna fyrir aukaping FRÍ.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

### 1) Fundargerð 6. fundar stjórnar. Samþykkt.

### 2) Aukaping FRÍ og fundur um mótamál 6.nóv. nk.

- a) Lögð fram drög að dagskrá aukapingsins
- b) Þorsteinn Þorsteinsson fór yfir tillögur til breytinga á reglugerðum á mótapingi um nk. helgi, en hann hefur stýrt vinnu við undirbúning tillagnanna og kallað til ýmsa aðila til samráðs og aðstoðar. Tillögurnar samþykktar með einhverjum athugasemdum/ábendingum frá stjórninni. Senda skal tillögurnar út til sambandsaðila til kynningar á morgun.
- c) Engar tillögur lágu fyrir frá sambandsaðilum
- d) Fundarstjóri, ritari og önnur praktísk mál

### 3) Starfsmannamál.

Málið er í vinnslu, afgreiðslu frestað.

### 4) Heiðursviðurkenningar.

Lögð fram áður samþykkt tillaga að heiðursviðurkenningum, sem veittar voru í hófi í tilefni af 75 ára afmæli Fimleikafélags Hafnarfjarðar 16.okt. sl.

Eftirfarandi einstaklingum voru veitt starfsmerki sambandsins:

Gullmerki: Eggert Bogason, Magnús Haraldsson og Sigurður Haraldsson.

Silfurmerki: Elísabet Ólafsdóttir

Eirmerki: Björn Pétursson, Helgi Freyr Kristinsson og Kristinn Guðlaugsson

### 5) Lagt fram

- a) Fundargerðir frá mótapingi EAA.
- b) Fundargerð frá Norðurlandafundi framkvæmdastjóra.
- c) Fundargerð frá úrvalshópsráði.
- d) Fundargerð 1. fundar Íþróttamannanefndar.
- e) Bréf frá FRÍ til IAAF, dagsett 25.sept. sl.
- f) Skýrsla Stefán Jóhannssonar frá HM unglunga í sumar.
- g) Bréf til Menntamálaráðherra, dagssett 12.okt. sl.
- h) Þinggerð frá ÍBR þingi 25.-27.mars sl.

## 6) Innsend erindi/mál.

- a) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 27.sept sl., um fund ÍSÍ og sérsambanda með Menntamálaráðherra 12.nóv. nk. Formaður situr fundinn f.h. FRÍ.
- b) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 28.sept. sl., um Smáþjóðarleikanna í Andorra. Lagður fram tæknibæklingur um fjálsíþróttakeppnia, þar sem fram kom að stangarstökk kvenna er ekki keppnisgein á mótinu. Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi ÍSÍ bréf þar sem óskað skuli eftir því að ÍSÍ beiti sér fyrir því að því verði bætt inn í dagskrá leikanna á næsta ári.
- c) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 1.okt. sl., um dagskrá námskeiða – haust 2004.
- d) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 4.okt. sl., tilkynning um formannafund ÍSÍ 12.nóv. nk.
- e) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 13.okt. sl., tilkynning um að Afrekssjóður hafi samþykkt að framlengja til bráðabirgða A-styrk til Þóreyjar Eddu úr árið.
- f) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 13.okt. sl., þar sem óskað er eftir að sérsambönd endurskoði afreksstefnur sínar fyrir 15.nóv.nk. Vísað til Íþróttá- og afreksnefndar FRÍ til skoðunar og umsagnar.
- g) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 13.okt. sl., um álit Laganefndar ÍSÍ í máli vegna ákvörðunar stjórnar ÍBR um val fulltrúa á þing sérsambanda, en FRÍ hafði óskað eftir álitu hennar í málinu.
- h) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 2.nóv., með upplýsingum um styrki fyrir 2005. Vísað til Íþróttá- og afreksnefndar FRÍ.
- i) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 1.nóv. sl., um norræna ráðstafa um íþróttir barna- og unglunga í október á næsta ári. Samþykkt að láta vita af áhuga FRÍ á að senda fulltrúa á ráðstefnuna.
- j) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 2.nóv., óskað er eftir tilnefningu sérsambanda um íþróttakarl og íþróttakonur ársins. Samþykkt val FRÍ á fundinum, en það verður birt síðar, þar sem um trúnaðarmál er að ræða.

## 7) Næstu fundir.

- a) Stefnumótunarumræða. Stefnt að fundinum 4. desember nk.

## 8) Önnur mál.

- a) Rætt um afleiðingar lyfjamáls sem upp kom í sumar. Gera þarf breytingar á úrslitum mótsins vegna stigakeppni og verðlaunaveitingu í þeim greinum sem sem málið snerti. Framkvæmdastjóri skal sjá um að lagfæra úrslit í samræmi við niðurstöðu dómsins og innkalla öll verðlaun og koma til réttara aðila.

Fundi slitið kl. 22:25

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.